

BORGARRÁÐ 27. ágúst 2020: Fyrirspurn áheyrnarfulltrúa Sósallista um fjölda þeirra sem búa við þjónustuskerðingu vegna vanskila - R20080152

Í svari fjármála- og áhættustýringarsviðs við fyrirspurn vegna fjölda þeirra sem ekki njóta þjónustu frá Reykjavíkurborg eða fyrirtækja í eigu hennar vegna vanskila kemur fram að lokað hafi verið fyrir rafmagn hjá 8 einstaklingum, miðað við stöðuna þann 22. júní sl. Rafmagnsleysi á heimili veldur miklum óþægindum og erfiðleikum sama hver á í hlut. Er vitað hvort hér hafi verið um barnafjölskyldur að ræða sem voru án rafmagns? Er um fjölgun á milli ára að ræða eða er þetta svipuð staða miðað við síðustu 3 ár t.d.? Í svarbréfi kemur einnig fram að þann 22. júní sl. voru 39 í uppsagnarferli, samkvæmt skóla- og frístundasviði er þetta fjölgun á milli ára eða er um svipaða stöðu að ræða, sé litið til síðustu þriggja ára? Samkvæmt svarbréfi kom fram að núverandi staða væri sú að foreldrar/forráðamenn átta barna sem hafi fengið boð um leikskólavistun í haust þurfa að ganga frá vanskilum leikskólagjalda eða semja um þau svo að barnið fái notið þjónustunnar. Einnig fengu foreldrar sjö barna ítrekun á uppsögn og höfðu frest til næstu mánaðamóta til að ganga frá vanskilum. Í þeim tilfellum höfðu foreldrar áður fengið uppsögn, gert samning og ekki staðið við þann samning. Er það breyting á milli ára (sé litið til síðustu þriggja ára, eða er um svipaða stöðu að ræða?).